



## Minnisblað – 2003031

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf Viðbragðsteymis Dalabyggðar vegna COVID-19*

Dags.: 19.05.2021

---

Viðbragðsteymi Dalabyggðar skipa: Kristján Sturluson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Kristján Ingi Arnarsson, Magnína Kristjánsdóttir, Viðar Þór Ólafsson, Haraldur Haraldsson, Ívar Örn Þórðarson, Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir og Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Teymið fundar einu sinni í viku, þ.e. á fimmtudögum kl.13 nema komi til frídaga þá er fundur færður til. Þess á milli hefur teymið skipst á upplýsingum s.s. hvað varðar stöðu smita á Vesturlandi og uppfærðar auglýsingar og leiðbeiningar í spjallborði. Hérna fyrir neðan má sjá samantekt af samskiptum og fundum teymisins.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 14. apríl 2021:  
*Nýjar reglugerðir sem taka gildi á morgun.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 15. apríl 2021:  
*Nýjar reglugerðir tóki gildi í dag. Má opna sundlaug aftur með takmörkunum og líkamsrækt með sömu skilyrðum og áður. Ekki miklar breytingar í skóla en þó frjálslegra t.d. þarf ekki að binda starfsfólk í skömmun matar. Grímuskylða á gesti á dvalarheimili, veikindi geta orðið eftir fyrri bólusetningu. Fylgjum sama verklagi og áður. Verið að horfa til vorferða í skóla og þá skoða ferðalag innan héraðs. Bændur farnir að draga sig í hlé til að varna veikindum í sauðburði.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 21. apríl 2021:  
*Á Vesturlandi eru 9 í sóttkví og einn með smit. Komi upp smit í Dalabyggð verði viðbragðsteymi upplýst. Engar breytingar á heimsóknarreglum Silfurtúns, sömu viðmið hjá öllum dvalar- og hjúkrunarheimilum. Fullbólusettir einstaklingar geta áfram borið smit á milli og því þarf að fara varlega. Grímuskylða á gesti sem koma inn á Silfurtún. Engar breytingar hjá Auðarskóla. Ef kemur til herðinga er hægt að taka föstudaginn út til að vinna að breytingum. Höldum okkar striki og förum varlega.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 29. apríl 2021:  
*Virðumst vera í tiltölulega góðum málum hérna á svæðinu. Sami kúrs í Auðarskóla en verið að skoða fyrirkomulag skólaloka og hvort hægt sé að gera eitthvað í tilefni þess. Sama staða á Silfurtúni og áfram grímuskylða á gesti. Ekki rétt að mikill munur sé á milli heimila, samræmdar reglur sem allir reyna að fylgja. Staðan búin að taka á alla íbúa sveitarfélagsins og leiði gerir vart við sig en bólusetningum fjölgar og vonum að bjartsýnar áætlanir stjórnvalda gangi eftir.*
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 30. apríl 2021:  
*Staða smita og þróun.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 6. maí 2021:  
*Sama staða í Dalabyggð. Von á uppfærslu í rakningar-appi sem getur hjálpað til við*

*smitrakningu. Neyðarástand vegna gróðurelda. Næsti fundur á mánudegi vegna frídags á fimmtudeginum.*

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 8. maí 2021:  
*Upplýsingar um nýjar reglugerðir sem tekur gildi á mánudaginn.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 10. maí 2021:  
*Fengum breytingar fyrr en áætlað var, ekki miklu að breyta í Dalabyggð nema skólinn getur haft alla nemendur í sama rými og aðstandendur mega koma þar inn. Áfram grímuskylða og fjarlægðarregla á almenningi þó samkomutakmarkanir hafi verið færðar í 50 manns. 75% af leyfilegum fjölda í sundi. Beðið eftir næstu reglugerð fyrir skipulag 17. júní. Seinni bólusetning starfsmanna á Silfurtúni og slökkviliðs væntanlegar á næstu dögum.*